

Ár 2021, sunnudaginn 12. september, er þinghald háð hjá Dómstóli ÍSÍ af Hilmari Gunnlaugssyni dómara í fundasíma Símans 755 7755.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 6/2021:
Dagur Sigurðarson
gegn
Aganefnd Landssambands
hestamannafélaga

Enginn er mættur í réttinn, en til þessa þinghalds var boðað með tölvupósti með skömmum fyrirvara og kynnt fyrir aðilum að ekki væri nauðsynlegt að mæta í þinghaldið.

Gögn málsins nr. 1 – 6 liggja frammi. Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

dómur:

I. Málsmeðferð, aðilar og dómkröfur

Með ódagsettri kæru sem barst skrifstofu ÍSÍ 25. ágúst 2021 kærði Sigríður Arndís Þórðardóttir f.h. sonar síns, Dags Sigurðarsonar, kt. 161108-2430, ákvörðun aganefndar LH um viðurlög við fjarvist kæranda í A úrslitum í T3 í barnaflokki á Suðurlandsmóti yngri flokka þann 15. ágúst 2021. Dómkröfur kæranda eru:

- *aðallega að ákvörðun aganefndar LH um að kærandi, Dagur Sigurðarson, hljóti eins mánaðar keppnisbann í hestaíþróttum frá 13. ágúst til 12. september 2021 vegna atviks á Suðurlandsmóti yngri flokka, þar sem Dagur mætti ekki í A úrslit í T3 í barnaflokki og afskráði ekki, verði felld úr gildi. Jafnframt er þess krafist að ákvörðun aganefndarinnar um að árangur Dags á þessu Suðurlandsmóti verði þurrkaður út verði jafnframt felld úr gildi.*
- *til vara að ákvörðun aganefndarinnar um keppnisbann verði fellt úr gildi og til þrautavara að keppnisbannið verði stytt.*

Kærði, aganefnd Landssambands hestamannafélaga, gerir þá kröfu í málinu að úrskurður hennar verði staðfestur.

Máli þessu var formlega úthlutað til Hilmars Gunnlaugssonar dómara í dómstóli ÍSÍ þann 2. september 2021. Kærða var gefinn kostur til að skila greinargerð til 6. september 2021 og aðalmeðferð fór fram fimmtudaginn 9. september 2021. Að henni lokinni var málið tekið til dóms.

II. Málsatvik

Málavextir eru að mestu óumdeildir. Kærandi ávann sér þann 14. ágúst 2021 rétt til þáttöku í A úrslitum í barnaflokki í T3 sem átti að fara fram kl. 13.40 sunnudaginn 15. ágúst 2021. Kærandi las rangt úr auglýstri dagskrá mótsins og taldi sig eiga að keppa kl. 15.15. Foreldrar kærða hafa lýst yfir ábyrgð á því að hafa ekki sjálf gengið úr skugga um tímasetningar. Kærandi var á leið á mótsstað með föður sínum þegar keppnin fór fram og var því eðli málsins samkvæmt fjarverandi.

Samskipti urðu á milli mótsstjóra og föður kæranda um ástæðu fjarvistarinnar og er ekki gerður ágreiningur um að orsök hans séu ofangreind mistök/misskilningur. Síðar sama dag varð kæranda og foreldrum hans ljóst, að allur árangur hans á mótinu hafði verið strikaður út.



Yfirdómari mótsins gaf skýrslu fyrir dóminum og lýsti því hvernig staðið var að útfyllingu móttsskýrslu að þessu leyti. Lýsti hann því svo, að mótsstjóri hafi haldið utan um atvik utan vallar og hafi lagt til að fært yrði inn í reitinni stutt skýrsla og athugasemdir yfirdómnefndar um fjarvist kæranda. Þegar það var gert hafi legið fyrir hver var ástæða fjarvistanna, sem eðli málsins samkvæmt barst eftir að keppni fór fram. Sá kafli móttsskýrslu er svohljóðandi:

Dagur Sigurðsson mætti ekki í A-úrslit í T3 Barnaflokki. Engin tilkynning kom frá honum. Eftirá skýring var að hann las línuvilt í dagskrá mótsins. Regla 8.5.8 segir svo um að Dagur fái 2 vikna keppnisbann og allur hans árangur skal strikast út.

Með tölvupósti dagsettum 19. ágúst 2021 barst móður kæranda tilkynning frá framkvæmdastjóra LH um að aganefnd LH hefði ákveðið að kærandi skyldi hljóta eins mánaðar keppnisbann í hestaíþróttum frá og með 13. ágúst til og með 12. september 2021 og að árangur hans á mótinu skyldi þurrkast út. Við flutning málsins kom fram að aganefnd hafi ekki verið einhuga við ákvörðun sína, en engin skrifleg ákvörðun eða úrskurður var útbúin, heldur hafi aganefnd fundað í formi tölvupósta og formanni nefndarinnar verið falið að koma niðurstöðu meirihlutans til skila.

Móðir kæranda svaraði tölvupóstinum samdægurs og kom á framfæri athugasemdum um að 12 ára barn yrði dæmt í mánaðar keppnisbann og árangur á mótinu þurrkaður út vegna mistaka sem þessara, sem væru alfarið á ábyrgð foreldranna. Mánudaginn 23. ágúst 2021 sendi móðir kæranda að nýju tölvupóst til framkvæmdastjóra LH með ósk um að leitað yrði álits laganefndar LH á því hvort eðlilegt og rétt væri skv. lögum að beita barn slíkum viðurlögum.

Miðvikudaginn 25. ágúst 2021 lagði móðir kæranda fyrir hans hönd inn kæru til dómstóls ÍSÍ. Barst kæra því innan kærufrests skv. grein 24.1 í lögum ÍSÍ.

III. Málatilbúnaður kæranda

Í kæru er á því byggt að yfirdómnefnd á umræddu Suðurlandsmóti yngri flokka hafi ekki staðið að kæru á hendur kæranda með þeim hætti sem lög og reglur LH kveða á um. Samkvæmt grein 2.8.8 í lögum og reglum LH hafi yfirdómnefnd borið að skera úr um hvort fjarvistir hafi verið án fullgildrar ástæðu eða hvort fjarvist barnsins hafi verið afsakanleg. Byggt er á því að dómnefndinni hafi borið að kalla kæranda fyrir nefndina ásamt forsýraðila. Það hafi ekki verið gert í samræmi við málsmeðferðarreglu í grein 2.8.9.3 og beri þegar af þessari ástæðu að fella ákvörðun aganefndar LH úr gildi.

Kærandi byggir einnig á því að það stríði gegn öllum grundvallarreglum að kenna barni um slík mistök og mislestur og beita það viðurlögum. Það geti ekki talist eðlilegt og rétt að leggja til grundvallar að barnið hafi með ásetningi sýnt mótinu óvirðingu. Er þessu til stuðnings vísað til þess að FIPO reglur nái ekki til barna. Kærandi bendir á ákvæði 14. gr. alm. hgl. 19/1940 um að manni skuli ekki refsáð fyrir verknað, er hann framdi áður en hann varð 15 ára. Þá er vísað til 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 um að ávalt skuli það sem sé barni fyrir bestu hafa forgang þegar teknar eru ákvárdanir um málefni þess og þess, að barn skuli eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og tekið skuli réttmætt tillit til þeirra. Þá hefur kærandi vísað til Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur hafi verið á Íslandi með lögum nr. 19/2013.

Kærandi rökstyður varakröfu sína með vísan til reglnu 8.5.8 þar sem gert sé ráð fyrir því að keppnisbann vari ekki lengur en í tvær vikur frá mánudagi eftir að móti lýkur. Sé ekki fallist á aðalkröfu þá sé farið fram á að keppnisbannið verði stytt í hálfan mánuð.

IV. Málatilbúnaður kærða

Kærði byggir á því að m.v. móttsskýrslu verði ekki annað séð en að leitað hafi verið eftir sjónarmiðum og skýringum kæranda áður en skýrsla mótsins var útfyllt og henni skilað til LH. Mótsstjórn hafi metið skýringuna ófullnægjandi að því er virðist. Þá byggir kærði á því að almennt hafi keppendur verið úrskurðaðir í eins mánaðar keppnisbann fyrir að tilkynna ekki um forföll og þannig hafi framkvæmd síðustu ára verið.

Þrátt fyrir ítarlega leit í lögum og reglum LH hafi ekki fundist nein undanþága eða tilslakanir fyrir börn eða unglings frá reglunum. Kærði nefnir að slíkt væri æskilegt, en svo sé ekki. Í samskiptum við lögmann kæranda eftir að úrskurður var kveðinn upp hafi verið óskað eftir upplýsingum sem gætu réttlætt undanþágur eða tilslakanir, en ekki hafi verið bent á slíkt ákvæði í reglum ÍSÍ. Kærða hafi því borið að fara eftir þeirri framkvæmd sem mótuð hafi verið, þrátt fyrir aldur kæranda. Kærði hafnar því að litið verði til almennra laga, mannréttindasáttmála eða sambærilegs við ákvörðun í máli þessu, halda beri sig við leikreglur íþróttahreyfingarinnar. Það hafi kærði gert og því hafi viðurlögin verið ákveðin með þeim hætti sem raun bar vitni.

V. Forsendur og niðurstöður

Í máli þessu liggar fyrir að kærandi mætti ekki til leiks á tilsettum tíma í úrslit í T3 eins og rakið er í málsatvikalýsingu. Ekki er deilt um orsök þess. Kærandi telur um afsakanleg mistök hafa verið að ræða, í ljósi aldurs kæranda. Kærði telur fjarvistina sem slíka staðreyn og ekki sé hægt að líta til skýringa kæranda um orsök hennar við ákvörðun afleiðinga, þrátt fyrir aldur kæranda.

Þegar aðili mætir ekki til keppni af því að hann hélt að hún ætti að byrja síðar, þá leiðir það af eðli máls, að viðkomandi tilkynnir ekki um það fyrirfram. Koma því eingöngu eftir á skýringar til skoðunar. Ekki er útilokað að þær geti talist „fullgild ástæða“ í skilningi greinar 2.8.8. í lögum og reglugerðum um keppni á vegum LH, útgáfa 2021, þó þær komi eftir á.

Hlutverk yfirdómnefndar og vald samkvæmt íslenskum sérreglum er dregið saman í greinum 2.8.7 og 2.8.9.3 í lögum og reglugerðum LH þó líta beri til fleiri greina við afmörkun verkefna hennar og skyldna. Þar er ekki tilgreint að yfirdómnefnd hafi það vald að dæma keppendur í keppnisbann, heldur skal hún senda skýrslu til kærða, aganefndar LH, og getur kært brot sérstaklega til aganefndarinnar. Samkvæmt grein 2.8.3 skipa yfirdómari, mótsstjóri og fulltrúi knapa yfirdómnefnd og skal yfirdómari vera formaður hennar. Samkvæmt fyrilliggjandi móttsskýrslu hafa allir þessir einstaklingar staðfest móttsskýrslu með rafrænum hætti, en gerð er grein fyrir athugasemd yfirdómnefndar í málavaxtalýsingu. Af orðalagi greinar 2.7.4.4, sem kærði vísar m.a. til, er sú háttsemi að boða ekki forföll talin falla undir brotaflokkinn „M) Blekking eða tilraun til blekkingar við skráningu eða þátttöku í móti, t.d. boðar ekki forföll“. Í dálkinu „Keppnisbann“ eru sett inn númerin 1 eða 4 og síðan bætt við +3. Táknin eru í sömu grein skilgreind svo:

1 = „Séð af 2 eða fleiri dómurum: - 2 rauð spjöld eða fleiri sýnd: dæmt úr leik í keppnisgrein. Dómari getur sýnt rautt og gult spjald samtímis.“

4 = „Staðfest af sport fulltrúa, mótsstjóra eða yfirdómara á viðkomandi móti.“

3 = „Má kæra til aganefndar LH“

Kærði er ein fastanefnda Landssambands hestamannafélaga, sem stjórn skipar í að landsþingum loknum, sbr. ákvæði 1.4.3. í lögum LH. Stjórn LH setur nefndum starfsreglur



samkvæmt sama ákvæði, sem í tilviki aganefndar virðist vera Reglugerð frá 30. október 1999, sjá hér síðar. Í agareglum LH, kafli 2 í lögum og reglum LH, er fjallað lítillega um aganefndir. Þar er bæði að finna umfjöllun um aganefnd FEIF og agadómstóla FEIF auk aganefndar LH. Ákvæði um málsmeyferð í grein 2.7.2. – 2.7.4. virðast að meginstefnu til eiga við um stofnanir FEIF, þó ákvæði sé að finna í grein 2.7.4.4 um málskotsmöguleika til aganefndar LH. Í kafla 2.8 er síðan að finna íslenskar sérreglur. Þar kemur fram í grein 2.8.7. að yfirdómnefnd sendi aganefnd LH skýrslu að móti loknu og að senda skuli kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok. Í grein 2.8.8. sem ber titilinn skyldur keppenda, kemur fram að brot gegn 8. mgr. greinarinnar varði keppnisbanni samkvæmt nánari ákvöðun aganefndar LH.

Á heimasíðu LH er að finna reglugerð aganefndar sem er sögð frá 30. október 1999. Þar kemur fram í 2. gr. að aganefnd fjalli um brot keppenda og starfsmanna á hestamótum og í tengslum við þau sem LH er aðili að. Í 3. gr. segir: „*Aganefnd fjallar um skýrslur yfirdómnefnda móta og ákvarðar refsingu fyrir brot á keppnisreglum og reglugerðum LH, þ.á.m. reglum um ferðalög innanlands og utan.*“ Þá segir í 5. gr.: „*Fái keppandi frávísun með rauðu spjaldi ákveður aganefnd lengd keppnisbanns, sem skal miða við tímabil í mánuðum, en ekki fjölda móta. Bannið getur varað frá því að keppandi verði einungis útilokaður frá mótinu, sem brotið var framið á, sem skal vera vægasta refsing og allt að 24 mánuðum. Vari keppnisbann lengur en þeir dagar sem mótið varir, sem brotið var framið á, skal miða við mánuð í senn, þannig að keppnisbann verði í heilum mánuðum. Upphafsdag keppnisbanns skal telja upphafsdag móts þess, sem brot var framið á.*“ Í 7. gr. segir: „*Aganefnd skal gefa hinum brotlega kost á að senda skriflega skýrslu um atvikið, sé það alvarlegs eðlis, og óskir berast um það frá viðkomandi aðila innan 48 tíma frá lokum móts.*“ Í 8. gr. segir m.a.: „*Aganefnd kemur eins oft saman og þurfa þykir. Hún skal kveða upp úrskurði sína innan 3 sólarhringa frá því að skýrsla yfirdómnefndar berst nefndinni. Skýrslur skulu sendar í bréfsíma eða tölvupósti innan 48 tíma frá mótslokum. Loks segir í 9. gr.: „*Úrskurð aganefndar skal tilkynna hinum brotlega með símskeyti og skal móttökustimpill frá póst/símstöð gilda. Úrskurðurinn skal berast skrifstofu LH innan sólarhrings, sem tilkynnir það aðildarfélögum fyrsta virka dag eftir að hann berst skrifstofunni.*“*

Málatilbúnaður kærða verður skilinn svo, að kærði, aganefnd LH, telji sér annað hvort heimilt að úrskurða um keppnisbann á grundvelli skýrslu yfirdómnefndar án sérstakrar formlegrar kæru, eða að litið sé svo á, að skýrsla og athugasemdir yfirdómnefndar í mótskýrslu fælu í sér kæru til aganefndar. Kom þannig fram það sjónarmið við flutning málsins, að ef yfirdómnefnd vildi ekki gera frekara mál úr forföllum kæranda, þá hefði hún getað sleppt því að geta þess í mótskýrslu. Koma hér tveir skýringarkostir til greina. Í fyrsta lagi styður ákvæði 3. gr. reglugerðar um aganefnd að kærði eigi á grundvelli skýrslu yfirdómnefndar þar sem upplýst er um atvik sem felur í sér rautt spjald, að taka ákvörðun um hvort og hve langt keppnisbann skuli ákveðið. Hins vegar er í grein 2.8.7 með skýrum hætti gerður greinarmunur á skýrslu yfirdómnefndar og kæru hennar til aganefndar. Vaknar þá sú spurning hvort alltaf þurfi kæru frá yfirdómnefnd til að aganefnd fjalli um brot á keppnisreglum og viðurlög við þeim, eða hvort verið sé að horfa til þess að yfirdómnefnd geti kært sérstaklega brot sem talið sé að geti átt að leiða til lengra keppnisbanns en venja er.

Í máli þessu er ljóst, að yfirdómnefnd taldi að kærandi ætti að fá keppnisbann og að strika skyldi allan árangur hans út. Yfirdómnefnd hefur ekki heimild til að ákveða lengd keppnisbanns. Verður því að leggja til grundvallar, að í skýrslu og athugasemdum yfirdómnefndar hafi falist kæra til aganefndar á grundvelli 3. mgr. greinar 2.8.8.



Af hálfu kæranda er á því byggt að yfirdómnefnd hafi ekki staðið að kæru með þeim hætti sem lög og reglur LH kveða á um. Þannig hafi yfirdómnefnd átt að skera úr um hvort fjarvistir kæranda hafi verið fullgildar eða hvort fjarvist hans hafi verið afsakanleg. Að mati réttarins verður að líta svo á, að teknu tilliti til skýrslu yfirdómnefndar í móttsskýrslu og lýsingar formanns hennar á samskiptum hans og mótsstjóra við gerð skýrslunnar, að yfirdómnefnd hafi við ákvörðun sína lagt skýringar foreldris kæranda til grundvallar og því hafi þá þegar legið fyrir, að drengurinn hafði mislesið tímaseðil og foreldrarnir höfðu ekki gáð að sér og athugað sjálf hvenær hann ætti að mæta. Þrátt fyrir að fallist sé á þá skýringu kæranda og að ekki hafi verið um viljaverk að ræða heldur þvert á móti mistök, verður að taka undir það með kærða, að afgreiðsla yfirdómnefndar í formi athugasemda á móttsskýrslu beri með sér að skýring kæranda hafi ekki verið talin geta talist fullgild ástæða. Þannig hafi yfirdómnefnd lagt mat á það. Það mat sætti endurskoðun aganefndar sem taldi eðlilegt að styðjast við hlutlæga mælikvarða, ella yrðu skil fullgildra ástæðna og annarra mjög óskýr.

Þó telja verði það óheppilegt að aganefnd hafi ekki gefið út formlega ákvörðun eða úrskurð, heldur hafi formanni aganefndar verið falið að tilkynna kæranda um ákvörðun nefndarinnar eftir tölvupóstsamskipti, þá þykir það ekki nægja til að úrskurðurinn verði ógiltur vegna formgalla á honum. Þrátt fyrir að finna megi að því að úrskurður aganefndar sé ekki til í sérstöku formi, fæst ekki séð að krafa reglugerðar um aganefnd um úrskurð feli í sér kröfu um að hann sé í sérstöku formi og að honum fylgi rökstuðningur, sbr. einkum greinar 5, 8 og 9 í reglugerð um aganefnd. Verður ákvörðun kærða því ekki felld úr gildi með vísan til forms hennar, eða skort á formi.

Almennt verður að fallast á, að það hlýtur að vera á áhættu keppanda eða einstaklinga sem hann treystir á, hvort tímasetningar skiljist rétt eður ei. Ekki sé hægt að bera við mistökum í þessum efnum, jafnvel þó þeim sé trúað, við mat á því hvort um brot á keppnisreglum hafi verið að ræða. Breytir hér engu þó fallist sé á að það standi foreldrum nær en 12 ára barni að bera ábyrgð á tímasetningum, það séu keppendur sem þurfa að undirgangast keppnisreglur, sama hver aldur þeirra er. Brotið sé fullframið þegar ekki er mætt á tilskildum tíma og það hvort um ásetning eða gáleysi skipti ekki máli. Óviðráðanleg ytri atvik geti hins vegar talist afsakanlegar ástæður og komi í veg fyrir að keppanda sé refsað. Verður því lagt hér til grundvallar að kærandi hafi brotið gegn keppnisreglum, þó af gáleysi hafi verið sem jafnvel sé hægt að skrifa á foreldra hans og það sé í raun kærandi sem hafi fyrst og fremst orðið fyrir því.

Hins vegar telur rétturinn að við ákvörðun viðurlaga vegna brota í íþróttastarfi, geti verið eðlilegt að líta til aðstæðna, séu þær sérstakar, auk saknæmisstigs. Af hálfu kærða er á því byggt að til staðar sé venjubundin framkvæmd um að keppendur taki út eins mánaðar keppnisbann þegar þeir mæta ekki til keppni án fullgildrar ástæðu. Eins og rakið er hér að framan er aganefnd veitt töluvert svigrúm í reglugerð um aganefnd um lengd keppnisbanns, sjá hér ofar, eða allt frá því að vera eingöngu útilokun í því móti sem um ræðir, upp í að vera 24 mánuðir. Hins vegar virðist útstrikkun árangurs á viðkomandi móti vera sjálfkrafa afleiðing af rauðu spjaldi, sbr. 3. mgr. greinar 2.8.8. Af hálfu kæranda var því ekki mótmælt sérstaklega að einhver framkvæmd væri til þess efnis sem kærði lýsti um að venja væri fyrir eins mánaðar keppnisbanni í tilvikum sem þessum, en báðir aðilar voru sammála um að ekki hefði áður reynt á að svo ungur keppandi eins og kærandi er, sætti slíku keppnisbanni, og tefldi kærandi fram



almennum lagarökum því til stuðnings að aldur kæranda ætti að leiða til annarrar afgreiðslu aganefndar en raun varð á.

Með því að dómurinn fellst hér á að forföll kæranda hafi ekki verið afsakanleg sem fullgild ástæða í skilningi greinar 2.8.8 verður ekki hjá því komist að staðfesta þá niðurstöðu að árangur kæranda í mótinu skuli strikaður út. Þá þegar hefur kærandi orðið fyrir tvíþættum afleiðingum forfallanna, hann hefur 1) misst af tækifæri til að taka þátt í keppninni og hann hefur 2) orðið fyrir því að annar árangur á mótinu hefur verið strikaður út.

Stendur þá eftir að meta ákvörðunina um keppnisbann. Með vísan til greinar 36.2 í lögum ÍSÍ er ljóst að dómstólli ÍSÍ getur tekið ákvörðun um lengd keppnisbanns. Eins og vikið hefur verið að hér að framan hefur aganefnd heimild til að ákveða keppnisbann allt frá því að lúta eingöngu að umræddu móti upp í 24 mánaða keppnisbann. Þá er aganefnd ætlað að ákvarða lengd keppnisbanns í heilum mánuðum samkvæmt reglugerð um aganefnd. Verður að telja það ákvæði ganga í máli þessu framar ákvæði 8.5.8 sem ekki er hluti af íslenskum sérreglum. Ekkert liggur fyrir um almenn viðmið aganefndar þegar kemur að ákvörðun á lengd keppnisbanna eftir eðli brota, þó byggt sé á því af hálfu kærða að í málum sem þessum sé venja um að það skuli vera 1 mánuður. Verður því að leggja til grundvallar að aganefnd hafi svigrúm til að móta slík viðmið. Í þessu samhengi má líta til ákvæða 16. gr. móta- og keppendareglina ÍSÍ um viðurlög við forföllum, þar sem þau geta varðað áminningu eða missi keppnisréttar um ákveðinn tíma. Ljóst er að ákvörðun viðurlaga er matskennd. Við slíkt mat er til margs að líta og ber aganefnd LH, eins og öðrum innan íþróttahreyfingarinnar, að virða siðareglur ÍSÍ. Þar er jafnræði haft að leiðarljósi, sbr. 4. tl., eins og kærði hefur gert í máli þessu, en einnig er gerð krafa um tillit til virðingar einstaklinga eða hópa, t.d. hvað varðar aldur. Samkvæmt 3. mgr. greinar 2.8.8 jafngildir það rauðu spjaldi ef keppandi mætir ekki í úrslit keppnisgreinar án fullgildrar ástæðu. Það er vel þekkt í íþróttastarfi, að rautt spjald kann að þykja óverðskuldað, en að jafnaði standa slíkar ákvarðanir dómarar og ákveðin hlutlæg viðurlög sem liggja við því, t.d. sjálfkrafa keppnisbann eða í þessu tilviki sjálfkrafa útstrikkun á árangri í móti. Í því tilviki sem hér um ræðir verður ekki talið að sjálfkrafa keppnisbann liggi við broti kæranda, heldur þarf aganefnd að taka sjálfstæða ákvörðun um keppnisbannið og þá með hliðsjón af grunngildum íþróttahreyfingarinnar, jafnræði keppenda, saknæmisstigi og sérstökum aðstæðum hverju sinni.

Af hálfu kærða er á því byggt að þó viðurlög kunni að virðast hörð í garð barns, þá verði kærði að fara eftir þeim reglum sem henni er gert að vinna eftir. Ekkert liggi fyrir um á hvaða tímamarki eigi að veita undanþágur eða tilslakanir og nefnir kærði sem dæmi hvort það eigi að vera við 12, 14 eða 16 ára aldur. Að mati réttarins er tekið undir það, að ekki fæst séð að til staðar sé regla er opni á sérstaka tilslökun á grundvelli aldurs keppanda. En það er ekki þar með sagl að slíkt sé óheimilt, enda rúmist slíkt innan almenns svigrúms aganefndar og fyrir því séu sérstök rök. Reglugerð um aganefnd og almennar reglur ÍSÍ um viðurlög við fjarvistum, sbr. 16. gr. móta og keppendareglina ÍSÍ, fela í sér, að aganefnd getur ákveðið að láta atriði eins og aldur keppenda hafa áhrif á lengd keppnisbanns.

Að mati réttarins verður að leggja til grundvallar að aldur kæranda, sem er 12 ára, hefði átt að verða til þess að aganefnd tæki til sérstakrar skoðunar hvort tilefni væri til að beita vægari úrræðum í máli þessu en almennt er gert gagnvart eldri keppendum. Aganefnd mat það svo, að henni væri það ekki heimilt. Á það verður ekki fallist og verður að telja að aganefnd hefði

átt að taka til skoðunar, hvort tilefni væri til að ákveða vægstu tegund keppnisbanns samkvæmt heimildum aganefndar í reglugerð LH um aganefnd. Með því að slíkt mat var ekki framkvæmt, verður að telja að brotið hafi verið gegn rétti kæranda í þessu máli. Ekki skal fullyrt hér, hver hefði verið niðurstaða slíks mats. Keppnisbann er mjög íþyngjandi ákvörðun sem beita þarf af varúð við unga keppendur sem alla jafna eru viðkvæmir. Með vísan til framanritaðs verður að telja að kærandi hafi jafnvel án keppnisbanns lært dýrmæta lexíu með því að missa af keppninni og sæta því að það leiði til rauðs spjalds og útstrikinar á árangri á mótinu. Ekkert liggur fyrir um það hvort og þá í hvaða tilvikum aganefnd hefur ákvarðað vægstu útgáfu keppnisbanns, en eðlilegt þykir að gera þá kröfu að málavextir og aðstæður í máli þessu yrðu bornar saman við slík tilvik, séu þau einhver.

Það er því mat réttarins að fallast beri á dómkröfu kæranda að því leyti að úrskurður kærða um eins mánaðar keppnisbann falli úr gildi. Ákvörðun um útstrikin árangurs kærða á umræddu móti heldur hins vegar gildi sínu.

Dóm þennan kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari í dómstóli ÍSÍ.

Dómsorð:

Felld er úr gildi sú ákvörðun kærða, aganefndar LH, um að kærandi, Dagur Sigurðsson hljóti eins mánaðar keppnisbann í hestaíþróttum frá 13. ágúst til 12. september 2021 vegna forfalla í A úrslit í T3 í barnaflokki á Suðurlandsmóti yngri flokka þann 15. ágúst 2021. Kröfu kæranda um að ákvörðun kærða um útstrikin árangurs kæranda á mótinu verði felld úr gildi er hafnað.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er bent á ákvæði 33.3 í lögum ÍSÍ, en þar er mælt um að áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstóls ÍSÍ sé ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðuna.

Dómþingi slitið

Hilmar Gunnlaugsson.



